

Mál nr. 106/2016
M og
vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar R.

Kona datt vegna rofs á gangstétt á Laugavegi og slasaðist 12.8.2014.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 7.4.2016 ásamt fylgiskjöllum 1-12
2. Bréf V dags. 8.4.2016

Málsatvik.

M datt um holu sem var umhverfis tré í gangstétt við Kirkjuhúsið á Laugavegi í Reykjavík og axlarbrotnaði. M krefst bóta úr frjálsri ábyrgðartryggingu R hjá V og telur að starfsmenn R beri ábyrgð á slysi hennar á grundvelli sakarreglu íslensks skaðabótaréttar og beri ábyrgð á umræddri gangstétt. Af hálfu M er á það bent að ekki hafi verið um misfelli í gangstétt að ræða heldur hafi verið hola umhverfis tré sem M datt um. M segir að þessar aðstæður séu óviðunandi og til þess fallið að skapa slysaþættu auk þess sem R hafi vanrækt athafnaskyldu sína til að gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir holumyndun. V hafnar bótaskyldu og segir ósannað að hola hafi myndast við tréð og þegar starfsfólk R hafi mætt á slysstað hafi það lagfært misfelli á hellulögn vegna trjárótar, en enga hellu hafi vantað í gangstéttina og ekki komi fram að starfsfólkið hafi orðið vart við holu í beðinu við tréð. V telur enn fremur ósannað að þó það hafi verið hola í beðinu að starfsfólk R hafi vitað af því fyrir slysið og starfsfólkið vissi ekki af misfelli í gangstéttarlögninni í nánd við slysstaðinn fyrr en eftir slysið.

Álit.

Af hálfu M hefur ekki verið sýnt fram á að starfsfólk R eða aðrir sem R ber ábyrgð á hafi vitað af misfelli við tréð þar sem M féll og axlarbrotnaði. Af gögnum málsins og myndum af vettvangi verður ekki ráðið að aðstæður þar sem slysið varð séu þess eðlis að leiði til sakar R. Þar sem M hefur ekki sýnt fram á að slys hennar stafi af vanrækslu eða sök starfsfólks R eða öðrum sem R ber ábyrgð á eða að aðstæður á slysstað hafi verið óforsvaranlegar á hún ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu R hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu R hjá V.

Reykjavík 25.5.2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.